


FUNA FRÉTTIR.



RÓSA HREINSDÓ
HALDÓRSSTÖÐUR
BOL AKUREYR



2. ARGANGUR
1 TÖLUBLAD
MARS 1997

Ágætu lesendur og félagar !

Nú hafa fyrstu Funafréttir þessa árs litið dagsins ljós. Efni þeirra að þessu sinni er að stærstum hluta komið frá stjórn félagsins, en afgangurinn kemur úr förum fræðslunefndar og barna og unglingaráðs. Útgáfutími næsta blaðs er áætlaður um miðjan maí. Við viljum nota tækifærið og óska eftir efni í blaðið, t.d. vísum, bröndurum, smasögum eða nánast hverju sem er innan velsæmismarka þó. Einnig viljum við hvetja mótanefnd og barna og unglingaráð félagsins til að senda okkur pistla til birtingar í næsta blaði. Stöndum nú saman og gerum Funafréttir að öflug og fjölbreyttu blaði.

Fræðslunefndin.

JÁRNINGAR.

Tökum að okkur járingar ,
góð og vonduð vinna.
Hulda Sigurðardóttir og
Ágúst Ásgrímsson. Sími: 462-5688

HA HA HA.....

Það er barið að dyrum á bæ í Grímsnesinu. Bóndinn fer til dyra og fyrir utan stendur strákur úr Reykjavík. Heyrðu manni reykja beljurnar þínar ? Nei, ertu frá þér ? Nú, þá er víst kviknað í fjósinu þínu.

Hundurinn minn er týndur. Afhverju auglýsir þú ekki eftir honum í DV ? Láttu ekki eins og kjáni, hann kann ekki að lesa.

Hesturinn sem ég veðjaði á kom svo seint í mark að hann varð að tipla á tánnum inn í hesthúsið til að vekja ekki hina hestana.

Þú mátt ekki toga svona í skottið á kettinum! Ég held bara í það, það er kötturinn sem togar.

Gesturinn: Er hundurinn þinn hrifinn af börnum ? Bjarni: Já en hann vill samt heldur dósamat.

Aðalfundur Funa.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Sólgarði föstudagskvöldið 7. Febrúar sl. Auk stjórnarmanna voru 19 félagsmenn mættir á fundinn. Bjarni formaður skipaði Dýrleifu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Þröst Jóhannesson sem fundarritara. Að því loknu var fundur settur og Bjarni las skýrslu stjórnar. Först honum það vel úr hendi og gerðu fundarmenn engar athugasemdir við skýrsluna. Því næst las Reynir reikninga félagsins og skýrði einstaka liði þeirra. Reikningarnir voru samþykktir. Næst var starfsáætlun ársins tekin fyrir. Bjarni skýrði frá því að stærstu verkefni þetta árið væru framkvæmdir vegna landsmóts 1998 og framkvæmdir við félagsheimili Funa. Einnig tíundaði hann þau mót og þá viðburði sem þegar hafa verið dagsettir.

1. Íþrótt og gæðingamót 18 - 22. Júní samhliða kynbótasýningu.
2. Messureið 29. Júní.
3. Hátiðisdagar hestamanna 26. - 27. Júlí á Melgerðismelum.
4. Grillveisla 2. Ágúst á Melgerðismelum.
5. Félagsferð 8. - 10. Ágúst.
6. Bæjarkeppni 23. Ágúst á Melgerðismelum.

Nokkrar umræður urðu um þessi málefni og ljóst er að mikil vinna er framundan á Melgerðismelum. Ljúka verður sem allra flestum verkþáttum framkvæmda í sumar. Einnig er ljóst að hestamannafélögin þurfa að leysa ýmis verkefni í sjálfböðavinnu og þá muni þurfa að leita til félagsmanna eftir aðstoð.

Næsta mál var árgjöld félagsins. Stjórnin lagði fram þá tillögu að hækka árgjald fullorðinna úr 3.000- kr. í 4.000- kr. en árgjald barna 12 - 16 ára yrði óbreytt 1.000- kr. Eftir nokkrar umræður var tillagan tekin til atkvæðagreiðslu og var samþykkt með 16 atkvæðum gegn 3.

Þá var komið að kosningum til stjórnar og nefnda sem ekki verður gerð nánari skil hér í þessum pistli en listi yfir alla stjórnar og nefndarmenn birtist hér aftar í blaðinu. Að kosningum loknum var gert kaffihlé og fundarmönnum boðið upp á allskonar kræsingar meðal annars glæsilega rjómatertu sem fundinum barst frá Hestasporti. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Eftir kaffihlé var tekið til við önnur mál. Þröstur las fundargerð síðasta aðalfundar mönnum til upprifjunar. Því næst kynnti stjórnin þá hugmynd sína að breyta lögum félagsins á næsta aðalfundi, þannig að þeir sem skulda árgjald síðasta árs á aðalfundi stríkist sjálfkrafa út úr félaginu. Þetta yti á menn að standa í skilum og spari félaginu peninga.

Þá kvað Ármann sér hljóðs og ræddi um þátttöku félagsins í bikarmótum undanfarin ár og þá stefnu að sett verði fast þáttökugjald fyrir hverja sveit, óháð því hvort hún er fullskipuð eða ekki. Hann vill að við sjáum metnað okkar í því að senda fullskipaða sveit eða sitjum heima annars. Málið var rætt nokkuð ýtarlega og menn voru sammála um að best væri að einn maður sæi um val á sveitinni hverju sinni. Stungið var upp á Birgir í Teigi sem einvaldi fyrir bikarmót 1997, og var það samþykkt samhljóða.

Því næst tók Reynir til máls og greindi frá því að mótanefndin hefði í fyrra innkallað flesta íþróttakeppnisbikarana og látið yfirfara þá. Nú lægi fyrir að gera slíkt hið sama með bikara í bæja og gæðingakeppni. Endurnýja þarf suma af þessum bikurum og hafa eftirtaldir aðilar lýfyr áhuga á að gefa þá.

Sigurður Snæbjörnsson á Höskuldsstöðum vill gefa A-flokks bikar í minningu um Þó frá Höskuldsstöðum.

Reynir og Freyja á Bringu vilja gefa B-flokks bikar í minningu um Hlyn frá Bringu.

Og KEA vill gefa nýjan bæjakeppnisbikar í stað þess gamla sem það gaf á sínum tíma. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þessar gjafir og voru jafnframt sammála um að þeir verðlaunagripir sem ekki er lengur keppt um, verði geymdir í félagsheimilinu okkar þegar þau verður tilbúið. Framkvæmdir við félagsheimilið eru í fullum gangi og hefur Bjarni Þorsteinsson verið í vinnu hjá félaginu af þeim sökum. Auk þess hafa nokkrir félagsmenn lagt hönd á plóg og er vonast til að fyrsta verkáfangi ljúki með vorinu. Stjórnin hvatti fundarmenn til að láta ekki sitt eftir liggja því að margar hendur vinna létt verk.

Því næst skýrði Ármann fundinum frá störfum framkvæmdastjórnar vegna landsmóts 1998. Kom hann m.a. inn á það hve erfitt væri að fá ferðaþjónustuaðila til að leggja eitthvað af mörkum til mótsins. Haft hefur verið samband við ýmsa aðila í því sambandi en lítið hafst up úr því enn sem komið er. Þó hefur verið samið við Úrval - Útsýn um prósentur af pakkaferðum sem þeir selja á mótið. Kynningarstarfsemi erlendis vegna mótsins er löngu hafin. Stjórn Melgerðismela gaf út kynningarbækling árið 1995 og framkvæmdastjórnin gaf út einn bækling fyrri og annar verður gefinn út á þessu ári. Það er ljóst að mikil vinna bíður framkvæmdastjórnarinnar á komandi misserum, enda í mörg horn að líta.

Að lokum var rætt um stóðréttarbyggingu á Melgerðismelum og nauðsyn þess að réttin verð reist í sumar. Til stendur að nota uppgröftinn úr réttinni í keppnisvöll norðan við stóðhestahúsið þannig að þessi verk verða að vinnast samhliða. Einnig væri gott að geta markaðssett réttina í haust og kynnt þá landsmótssvæðið í leiðinni. Af þeim sökum er mikilvæ að ganga til samninga við sveitarstjórnina um byggingu réttarinnar hið fyrsta.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stjórn Funa.



Hver málaði hestinn minn bláan öskraði æfareiður kúreki sem kom þjótandi inná krána. Dauðapögn ríkti uns risavaxinn náungi stóð upp og sagði: Það var ég. Hesteigandinn virti risann fyrir sér og stamaði svo ég, ég ætlaði bara að segja þér að hann væri orðinn þurr ef þú vildir mála aðra umferð.

STJÓRN FUNA.

Formaður:	Bjarni R. Guðmundsson	Möðrufelli	463 - 1163
Varaformaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462 - 4916
Gjaldkeri:	Reynir Björgvinsson	Bringu	463 - 1220
Ritari:	Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463 - 1165
Íþróttafulltrúi:	Ármann Ólafsson	Litla - Garði	463 - 1290
1. varamaður:	Axel Yngvason	Merkigili	463 - 1388
2. varamaður:	Herdís Ármannsdóttir	Teigi	463 - 1249

MÓTANEFND.

Vala Harðardóttir	Hólakoti	462 - 4021
Axel Yngvason	Merkigili	463 - 1388
Ævar Hreinsson	Skarðshlíð 9 d. Akureyri	461 - 2491
Þór Jónsteinsson	Skriðu	462 - 6794
Reynir Björgvinsson	Bringu	463 - 1220

BARNA OG UNGLINGARÁÐ

Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70. Akureyri	462 - 5688
Valdemar Jónsson	Ytra - Felli	463 - 1170
Kristbjörg Ingólfssdóttir	Melum	462 - 7679
Edda Örnólfssdóttir	Hólakoti	463 - 1311
Þróstur Jóhannesson	Gilsbakka	463 - 1165

REIÐVEGANEFND.

Birgir Stefánsson	Teigi	463 - 1249
Þór Hjaltason	Akri	463 - 1221
Ármann Ólafsson	Litla - Garði	463 - 1290

SKEMMTINEFND.

Valdemar Jónsson	Ytra - Felli	463 - 1170
Hulda Sigurðardóttir	Aðalstræti 70 Akureyri	462 - 5688
Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	463 - 1312
Herdís Ármannsdóttir	Teigi	463 - 1249
Sigríður Bjarnadóttir	Norðurgötu 50 Akureyri	461 - 3076

FERÐANEFND.

Hafdís Sveinbjörnsdóttir	Saurbæ	463 - 1312
Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463 - 1272
Anna Kr. Árnadóttir	Leifshúsum	462 - 4916

FRÆDSLUNEFND.

Kristbjörg Ingólfssdóttir	Melum	462 - 7679
Brynjar Skúlason	Norðurgötu 50. Akureyri	461 - 3076
Anna Kr. Árnadóttir	Leifshúsum	462 - 4916

FULLTRÚAR Í STJÓRN MELGERÐISMELA.

Þorvaldur Hallsson	Ysta - Gerði	463 - 1265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6.	462 - 2582
Axel Yngvason	Merkigili	463 - 1388

SKOÐENDUR REIKNINGA

Þorvaldur Hallsson	Ysta - Gerði	463 - 1265
Atli Guðlaugsson	Þórustöðum 6.	462 - 2582

Hestaíþróttaráð UMSE.

Ráðið hélt aðalfund sinn í nóvember síðastliðnum. Ásgeir Jónsson flutti skýrslu stjórnar, en síðan voru almennar umræður um skýrsluna og störf stjórnarinnar frá því að ráðið var stofnað 3. Apríl 1996. Af ýmsum ástæðum varð að fresta og síðan aflýsa Héraðsmóti UMSE í hestaíþróttum sem halda átti sumarið 1996. Voru fundarmenn sammála um að það mætti ekk koma fyrir aftur. Var ákveðið að Héraðsmót UMSE í hestaíþróttum skyldi haldið að Hringsholti við Dalvík laugardaginn 31. Maí 1997 og það auglýst í mótaskrá LH. Töluverð mannskipti urðu í aðalstjórn af ýmsum orsökum og er hún nú svona skipuð:

Formaður:	Þórarinn Pétursson	Þráni.
Gjaldkeri:	Jón Árnason	Hring
Ritari:	Vala Björt Harðardóttir	Funa.
Varaformaður:	Ármann Ólafsson	Funa.
Meðstjórnandi:	Stefán Friðgeirsson	Hring.
Varastjórn:	Þorsteinn Hólm Stefánsson	Hring.
	Bjarni Rúnar Guðmundsson	Funa.
	Hermann Jónsson	Þráni.

Ég vil hvetja keppnismenn Funa til að merkja við 31. Maí á dagatalinu sínu og fjölmenna á Héraðsmót UMSE.

Fyrrverandi ritari hestaíþróttaráðs.

Anna Kristín Árnadóttir.

TAPAD – FUNDIÐ.

Stjórn Funa auglýsir hér með eftir gömlum verðlaunagrip, svokallaðri HRYSSUBÓK. Bók þessa gáfu Heiðbjört Kristinsdóttir og Ólafur Kjartansson í Litla-Garði til minningar um Gest Kristinsson frá Ytra-Dalsgerði. Bókin var á sínum tíma veitt hæst dæmdu hryssu í gæðingakeppni félagsins hverju sinni og var síðast að talið er veitt í kringum 1978. Þeir sem vita hvar bókin er niður komin eða hafa ábendingar um hvar hana gæti verið að finna eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við einhvern stjórnarmann Funa sem fyrst.

Með fyrirfram þökk.

Stjórn Funa.

Hreinsun

Þarfnast reiðtygin þín olíu.

Laugard. 29 mars fer fram reiðtygjahreinsun í Ytra-Felli kl:13:00 á vegum Barna og Unglingaráðs. Ætlum við að hreinsa okkar eigin reiðtygi og einnig fyrir aðra, gegn vægu gjaldi.

500 kr. fyrir hnakk

200 kr. fyrir beisli

100 kr. fyrir nasamúla og aðra múla.

Hafið samband við okkur fyrir laugard. 29 mars og við munum sjá um að sækja og skila reiðtygjunum samdægurs.

Þáskakveðja Barna og Unglingaráð



Félagsskírteini - Afsláttarkort.

Stjórn Funa hefur ákveðið að gefa út félagsskírteini í samvinnu við hestamannafélagið Létti. Félagsmenn munu fá skírteinið afhent fljótlega eftir að þeir hafa greitt sitt árgjald. Gegn framvísun þess mun verða hægt að fá afslátt hjá nokkrum fyrirtækjum á Akureyri og MR-búðinni í Reykjavík. Nánar verður fjallað um þetta mál og það ýtarlega kynnt í næsta blaði Funafréttu.

Stjórn Funa.



Kæru sveitungar.

Fjáröflun/Flöskusöfnun.

Í vikunni eftir Páska ætla nokkrir krakkar úr Funa að banka uppá hjá fólki í Eyjafjarðarsveit og biðja ykkur gott fólk að gefa sér flöskur til styrktar sinni starfsemi í Barna - og Unglingaráði Funa. Þetta var reynt á síðasta ári upp úr áramótum og tókst það með ágætum. Vil ég biðja ykkur að taka vel á móti krökkunum og sýna þeim stuðning. Með fyrirfram þökk.
Hulda Sigurðardóttir formaður Barna og Ungl. ráðs.

Árgjöld Funa 1997.

Samþykkt var á aðalfundi Funa hinn 7. Febrúar sl. að hækka árgjald fullorðinna úr 3.000 - kr. í 4.000 - kr. en árgjald barna 12 - 16 ára verður óbreytt 1.000 kr. Þessi hækkun er óhjákvæmileg vegna mikilla framkvæmda á vegum félagsins á komandi misserum, til dæmis vegna vinnu við félagsheimilið okkar á Melgerðismelum. Þá var einnig ákveðið að innheimta árgjöldin með heimsendum giróseðlum eins og gert var í fyrra. Það tókst mun betur en menn þorðu að vona og léttir til muna á starfi hópstjórnanna sem áður sáu um innheimtu árgjaldanna.

Stjórn Funa.

Margar hendur vinna létt verk!

Vantar ykkur margar hendur? Við krakkarnir í Funa óskum eftir vinnu til fjáröflunar fyrir félagsstarfsemina. Við erum hress og vinnuglaður hópur! Vinsamlegast hafið samband við:

Huldu Sigurðard. S: 462 - 5688

Kristbjörgu S: 462 - 7679

Valdemar S: 463 - 1170

Heiðursfélagar.

Árshátíð Funa og Léttis var haldin í Laugarborg 1. Mars sl. og tókst í alla staði vel. Við það tækifæri voru þrír Funamenn sæmdir heiðursfélaganafnbót fyrir störf sín í þágu félagsins. Af því tilefni var þeim gefinn áletraður veggskjöldur frá félaginu. Þessir sómamenn eru:

Jóhann Ingólfsson Uppsölum.

Óttar Björnsson Garðsá.

Magni Kjartansson Árgerði.

Þá var einnig flutt eftirfarandi vísa við þetta tækifæri:

**Allir fá það hér að sjá
að við erum ríkir
kannski við látum klóna þá
kostirnir eru slíkir.**